


Ársskýrsla 2021



GRÆNNI
BYGGÐ
GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND

Ávarp stjórnarformanns



Ragnar Ómarsson,
stjórnarformaður

Fyrir Grænni byggð var árið 2021 mikið umbreytingaskeið. Þungamiðjan í starfsemi félagsins á árinu var að fylgja eftir þeim verkefnum sem húsnæðisyfirvöld höfðu falið félaginu að leysa úr í formi rannsóknarvinnu á atriðum sem lögð voru til grundvallar í samstarfsverkefni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Samtaka iðnaðarins, Samtaka sveitarfélaga, Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar og Innviðaráðuneytisins. Sex vinnuhópar skiptu með sér verkum við að móta vegvísi fyrir vistvænni mannvirkjagerð sem er liður í upp færðri aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og snýr að byggingariðnaðinum. Áttu aðildarfélög Grænni byggðar fleiri en einn fulltrúa í hverjum vinnuhópi sem skipaðir voru 4-6 sérfræðingum hver. Vill undirritaður fyrir hönd stjórnarinnar þakka kærlega öllum aðildarfélögum, sem lögðu hönd á plóg við vinnslu verkefnisins, fyrir sitt framlag. Hefur þessi vinna orðið til þess að Grænni byggð hefur skipað sér í hóp þeirra frjálsu félagasamtaka sem veita yfirvöldum ráðgjöf og samstarf um stefnumótun frekar en að vera umsagnaraðili um tillögur stjórnvalda. Þessi jákvæða þróun hefur ekki síst orðið vegna skeleggrar forystu Þórhildar Fjólu Kristjánsdóttur fyrrverandi framkvæmdastjóra Grænni byggðar, en hún lét af störfum í apríl á síðasta ári. Vill undirritaður fyrir hönd stjórnar Grænni byggðar færa Þórhildi okkar bestu þakkir fyrir framlag hennar í þróun aukinnar sjálfbærni í mannvirkjagerð og skipulagi. Í stað Þórhildar hefur tekið við störfum Áróra Árnadóttir sem er doktor í umhverfisfræðum og nýdóktor við Háskóla Íslands.

Á upphafsárum Grænni byggðar setti Sverrir Bollason umhverfisverkfræðingur og einn af upphafsmönnum félagsins fram hugmyndir sínar um mögulega framtíð félagsins. Sá hann fyrir sér að félagið þyrfti að ganga í gegnum þrjú þroskastig til þess að mynda marktækan vettvang fyrir umræðu um sjálfbærni mannvirkja og skipulags. Þessi stig voru í fyrsta lagi að leggja grunninn að skipulagi félagsins og að tryggja fjármögnun þess. Í öðru lagi að velja og setja félaginu verkefni og ráða aðila til þess að hafa umsjón með vinnu verkefnanna og loks í þriðja lagi að tryggja framtíðarstarfsgrundvöll félagsins svo félagið geti starfað á sjálfstæðum forsendum þannig að starfið grundvallist á lýðræðislegum vinnubrögðum og að það hafi sterka ímynd sem trúverðugur vettvangur málefnisins sem það berst fyrir.

Í dag er óhætt að segja að þessum þremur þroskastigum hafi verið náð. Skipulag félagsins byggir á traustum lýðræðislegum grunni. Fjöldi aðila tryggir fastan fjárhagsgrundvöll auk þess sem unnið er, undir stjórn starfsmanns félagsins, að verkefnum sem skila af sér tekjum. Síðustu ár hefur félagið í auknum mæli öðlast trúverðugleika sem málsmetandi aðili í umræðunni um sjálfbærni. Það má því með sanni segja að á þessum rúma áratug sem liðinn er síðan félagið var stofnað af framsýnu fólki hafi það vaxið og dafnað á þann veg sem stofnendur þess gerðu sér vonir um.

Stjórn

Í stjórn Grænni byggðar sitja 7 stjórnarmenn – fimm aðalmenn og tveir til vara. Í stjórn starfsárið 2021-2022 voru þau:



Ragnar Ómarsson
Formaður stjórnar
Byggingarfræðingur
Verkís



Íris Þórarinsdóttir
Gjaldkeri
Umhverfisstjóri
Reitir Fasteignafélag



Bjarni Þór Þórólfsson
Framkvæmdastjóri
Búseti



Alexandra Kjeld
Umhverfisverk-
fræðingur, EFLU



Anna Sigríður Jóhannsdóttir
Arkitekt
VA arkitektum



Sigríður Ó. Bjarnadóttir
Verkfræðingur/aðjúkt
VSÓ Ráðgjöf/ HÍ



Olga Árnadóttir
Verkefnistjóri
Framkvæmdasýsla-
ríkisins

Starfsemi stjórnar

Á árinu voru haldnir reglubundnir stjórnarfundir a.m.k. einu sinni í mánuði og síðan voru haldnir sérstakir aukafundir til þess að takast á við aðkallandi mál og til þess að bregðast við breyttum aðstæðum hverju sinni í kjölfar heimsfaraldursins, og breytingu á framkvæmdastjóra félagsins. Frá því í apríl fram í júlí tók stjórnin við verkefnum fráfarandi framkvæmastjóra og hélt starfsemi félagsins gangandi þar til nýr framkvæmdastjóri var ráðinn. Eitt af því sem stjórn félagsins hefur unnið að á síðasta ári er að styrkja samband Grænni byggðar við húsnæðisyrivöld. Í kjölfar þess hafa tækifæri myndast fyrir Grænni byggð til að sinna rannsóknarverkefnum tengdum nýjum vegvísi fyrir vistvæna mannvirkjagerð, og taka virkan þátt í að þróa hann áfram. Árið 2020 sótti Grænni byggð um umfangsmiklan styrk í fræðsluverkefni um Hringrásarhagkerfið með pólska Green Building Council. Þetta verkefni ber heitið CIRCON, og var það orðið nokkuð ljóst í lok árs 2021 að styrkurinn yrði veittur, eftir frábæra einkunn frá styrktaraðilum. Frá síðasta aðalfundi sem haldinn var í apríl 2021 hefur stjórnin því farið rækilega yfir skipulag félagsins til þess að gera það betur í stakk búið til að takast á við aukna starfsemi og fjölgun starfsfólks í kjölfar úrvinnslu ýmsa rannsóknarverkefna.

Á árinu tók Grænni byggð uppá sína arma að skipuleggja samfélagsverðlaun fyrir vistvæna mannvirkjagerð. Slík verðlaun voru sett sem tiltekin aðgerð í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Gerði Grænni byggð samning við Listaháskóla Íslands um samkeppni meðal nemenda um verðlaunagrip og fór hún fram síðasta haust. Er ætlunin að veita verðlaunin árlega og í fyrsta sinn á degi Grænni byggðar næsta haust.

Í fyrra hóf stjórn félagsins undirbúning og viðræður við BRE Global Ltd. um að Grænni byggð taki að sér umboðshlutverk BREEAM á Íslandi. Með því yrði BREEAM vottunarkerfinu á Íslandi veitt langþrátt skjól og unnt yrði að hlúa að viðgangi þess og vexti sem íslensku vottunarkerfi. Ákveðið var að Grænni byggð myndi hleypa af stökkunum reglubundnum námskeiðum í notkun vottunarkerfisins, til að styrkja faglegan starfsgrundvöll Grænni byggðar og treysta frekar fjárhagslegar stoðir félagsins. Eftir frekari skoðun var ákveðið að bíða með að ljúka umsóknarferlinu, þar til nákvæmari upplýsingar liggja fyrir varðandi kostnað sem Grænni byggð þarf sjálft að bera.

Með aðildarbreytingunni að World Green Building Council (WGBC) hefur Grænni byggð tekið virkan þátt í alþjóðlegu samtali, en árið einkenndist einnig af góðri samvinnu við systursamtök okkar á Norðurlöndunum, sem mörg eru einnig meðlimir WGBC. Markmið Grænni byggðar er ennþá skýrt; að verða leiðandi aðili í sjálfbærri þróun mannvirkjagerðar og skipulags hér á landi, og að tengja saman alþjóðlega þekkingu við okkar íslensku aðstæður.

Aðilar 2021

Á árinu 2021 bættust eftirfarandi aðilar í hópinn:

Ölfusborg, HJARK, Steypustöðin, Maison, og Langeldur í 3. flokk.

Í einstaklingsaðild í 4. flokk– komu inn Ingunn Hafstað og Sigríður Maack, arkitektar hjá Arktika ehf.

Grænni byggð þakkar aðilum sínum kærlega fyrir samstarfið og stuðninginn á árinu 2021. Í lok árs 2021 voru 56 aðildarfélög að Grænni byggð.

Aðilar í fyrsta flokki:

Verkís verkfræðistofa, Reitir fasteignafélag, Húsnæðis og mannvirkjastofnun, Framkvæmdasýslan Ríkiseignir og BM Vallá.

 **REITIR**
FASTEIGNAFÉLAG


VERKÍS

 **BM·VALLÁ**

 **Framkvæmdasýslan**
Ríkiseignir

HÚS

Aðilar í öðrum flokki: Landsvirkjun, Búseti, Reykjavíkurborg, Íslandsbanki, EFLA verkfræðistofa, Hafnafjarðarbær og Vistbyggð.



Aðilar í þriðja flokki:

Alta ráðgjöf, Alverk, Arkís ehf, ASK arkitektar, Basalt Arkitektar, Byko, Eignaumsjón, HJARK, Hornsteinar, Húsasmiðjan, Iðan, Íslenskir aðalverktakar, Jáverk, Landslag ehf., Langeldur, LímtréVírnet, Lota ehf, Maison, Mannvit verkfræðistofa, Ölfusborg ehf, Pago, Reginn Fasteignafélag, Ríkiskaup, Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur, Skipulagsstofnun, Steinull hf., Steypustöðin, Teiknistofan Tark ehf., Teiknistofan Tröð ehf., THG arkitektar, Umhverfisstofnun, Urriðaholt ehf., VA Arkitektar, Vegagerðin, Vista verkfræðistofa, VSÓ verkfræðistofa og VSB verkfræðistofa.

HJARK
Hulda Jóns arkitektúr ehf.

basalt
arkitektar

ATA

THG



ARKITEKTAR

 **IAV**

ARKÍS
arkitektar



STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

LANGELDUR

PAGO

OR Orkuveita
Reykjavíkur


ASK
ARKITEKTAR


VEGAGERÐIN

BYKO

 Skipulagsstofnun

VSÓ RÁÐGJÖF


Teiknistofan **TRÖÐ**



Aðrir aðilar í fjórða flokki (einstaklingsfyrirtæki):

Magnús Jensen, arkitekt og formaður Miðgarðs byggingarfélags,
<https://midgardur.betrailand.is/>

Arnhildur Pálmadóttir arkitekt hjá Studio Arnhildur Pálmadóttir,
<https://studioarnhildurpalmadottir.is/>

Hildur Ýr Ottósdóttir arkitekt hjá Ydda arkitektar, <https://www.ydda.is/>

Finnur Sveinsson, umhverfisfræðingur hjá Visthús, <http://visthus.is/>

Ástríður Birna Árnadóttir hjá Arkítýpa, <https://www.arkitypa.com/>

Ingunn Hafstað, arkitekt hjá Arktika ehf., <https://arktika.is>

Sigríður Maack, arkitekt hjá Arktika ehf., <https://arktika.is>

Rekstur

Starfsfólk



Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Vigdís Bergsdóttir starfsnemi og Áróra Árnadóttir framkvæmdastjóri

Árið 2021 voru þrír sem störfuðu fyrir félagið á mismunandi tímum og í misstóru starfshlutfalli. Vigdís Bergsdóttir var ráðin starfsnemi um sumarið 2021 og Áróra Árnadóttir tók við af Þórhildi Fjóla Kristjánsdóttur sem framkvæmdastjóri í júlí 2021.

Aðsetur

Aðsetur Grænni byggðar hefur verður í eigin leiguhúsnæði að Laugavegi 176 allt starfstímabilið. Þar hefur félagið starfsaðstöðu fyrir 2-3 starfsmenn.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Grænni byggð er með yfir 2000 fylgjendur á Facebook og leitast við að vera virkt í að dreifa faglegu efni og viðburðum bæði frá aðildarfélögum Grænni byggðar og okkar eigin efni á miðlinum. Á heimasíðu Grænni byggðar er mikið af útgefnu fræðsluefni undir Útgefið efni og Fræðsla og miðlun. Þar má finna ýmislegt fræðsluefni t.d. um vottunarkerfi og hringrásarhagkerfið.

Á heimasíðu félagsins má finna allt um almennan rekstur félagsins, svo sem ársreikninga, ársskýrslur og fundargerðir stjórnar.

Tekjur og styrkt verkefni

Sjá nánar um fjármál félagsins árið 2021 í ársreikningi félagsins.

Aðildagjöldin eru helsta tekjulind félagsins og námu þau rúmlega 11 milljónum á árinu.

Á árinu fékk Grænni byggð rekstrarstyrk að upphæð 600.000 kr frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Grænni byggð sótti einnig um nokkra verkefnastyrki 2021 frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, sem greiddir verða 2022. Einn var tvískiptur og bar heitið „Greining á ávinningi og kostnaði umhverfisvottana“. Hinir þrír voru um byggingarúrgang, og skiptist í eftirfarandi verkefni: 1) Kortlagning og leiðbeiningar um nýtingarmöguleika mismunandi byggingarúrgangs, 2) Leiðbeiningar um endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu byggingarefna við hönnun nýrra mannvirkja og á endurbótum, og 3) Leiðbeiningar um ábyrgt niðurrif. Samtals var sótt um 21,9 milljónir, og voru þrjár af fimm umsóknum samþykktar fyrir 13,5 milljónir.

Grænni byggð tók þátt í tveimur umsóknum um styrk í Ask – mannvirkjarannsóknarsjóð. Eitt verkefnið er hringrásarverkefni sem ber heitið *HringRás* og er í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, Háskóla Íslands, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, EFLU og VSÓ. Annað verkefnið er *Orkunotkun – hönnuð og mæld*, sem sótt var um með EFLU, Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur, þar sem Reitir og Reginn eru samstarfsaðilar. Báðir styrkir hlutust, þó skertir.

Viðburðir

Þrátt fyrir að sóttvarnaraðgerðir vegna Covid19 hafi sett strik sitt í reikninginn á starfsárinu er félagið afar ánægt með viðburði ársins, samstarf við hina ýmsu aðila varðandi viðburðina og þátttöku í þeim. Margir þeirra voru færðir yfir á rafrænt form sem gekk mjög vel fyrir sig. Á heimasíðu Grænni byggðar má finna nánari dagskrá viðburðanna og upptökur frá mörgum af viðburðum ársins undir www.graennibyggd.is/vidburdir

Stefnumótunarfundur Grænni byggðar

Þann 17. mars var haldinn stefnumótunarfundur Grænni byggðar með aðilum.

Sjálfbærni í byggingariðnaði – fyrirlestrarröð með IÐUNNI

Á árinu hélt áfram öflugt samstarf á milli IÐUNNAR og Grænni byggðar, en 3 af 6 streymisfundum voru haldnir árið 2021. Það hófst í apríl 2020 þar sem Grænni byggð var með fyrirlestrarröð - eða stutt námskeið um sjálfbærni í byggingariðnaði. Hægt er að nálgast upptökur á heimasíðu IÐUNNAR.

Aðalfundur Grænni byggðar

21. apríl 2021. Nálgast má fundargerð á heimasíðu Grænni byggðar.

Rafræn málstofa: How can we half emissions from construction in two?

Þann 27. maí var haldin rafræn málstofa, sem skipulögð var í samstarfi við Norrænu Green Building Councils. Norska Green Building Council var gestgjafi að þessu sinni.

Morgunfundur: Orkuskipti á framkvæmdastað

Fundurinn var skipulagður í samstarfi við Landsvirkjun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Grænu Orkuna.

Dagur Grænni byggðar

Dagur Grænni byggðar fór fram 2. september í IÐNÓ. Vegna samkomutakmarkanna komust færri að en vildu, og alls mættu 117 gestir. Aðilar fengu frímiða í samræmi við flokk aðildar. Allar glærur frá ráðstefnunni má finna á heimasíðu Grænni byggðar undir Viðburðir.

World Green Building Week 2021

Í september á hverju ári er haldin svokölluð „Green building week“ á vegum World Green Building Council. Þemað þetta árið var „Building resilience“ sem fjallar um hvernig má byggja upp seiglu í hinu byggða umhverfi.

Nordic GBC Webinar 2021: Renovation of buildings and the Circular Economy.

Í september var haldinn viðburður á vegum Green Building Council Denmark, í samstarfi við Norrænu GBC. Þema fundarins var hringrásarhagkerfið, og Arnildur Pálmadóttir frá sap architects og Dr Sigríður Ósk Bjarnadóttir, stjórnarmeðlimur Grænni byggðar og Dósent við Háskóla Íslands, voru fulltrúar Grænni byggðar. Þær kynntu meðal annars nýtt hringrásarverkefni á vegum BM Vallá.

Fjölmiðlar

Á Degi Grænni byggðar birtist Skoðun eftir Ragnar Ómarsson stjórnarformann sem bar yfirskriftina „Veröld á tímamótum“.

Framkvæmdastjóri mætti í viðtal í Samfélagið á Rás 1 til að ræða hvernig borgarform hefur áhrif á hegðun með hinum ýmsu drifkröftum og hindrunum, í samhengi losunar gróðurhúsalofttegunda.

Sigríður Ósk Bjarnadóttir stjórnarmeðlimur Grænni byggðar var í þættinum *Hvað getum við gert?* hjá Sævari á Rúv að ræða um steypu. Hún fór tvisvar í Bítíð árið 2021, fyrst til að ræða almennt um vistvæna mannvirkjagerð og í hitt skiptið með Arnhildi Pálmadóttur frá sap architects að ræða endurnotkun byggingarefna. Einnig var hún í Morgunvatktinni á Rás 1 að ræða vistvæna mannvirkjagerð fyrir dag verkfræðinnar.

Anna Sigríður Jóhannsdóttir stjórnarmeðlimur skrifaði grein um dagsbirtugæði sem birtist í Fréttablaðinu á árinu.

Þátttaka í viðburðum og erlent samstarf

Framkvæmdastjóri tók þátt í hinum ýmsu fundum á vegum WGBC og Europe Regional Network. Helstu umræðuefni 2021 voru: 1) Project TIGER, 2) Policy Taskforce, 3) Project Taskforce, 4) Built4People, 5) EU Policy Whole Life Carbon Roadmap.

Samstarf við Norrænu Green Building Councils hélt áfram, og héldum við nokkrar rafrænar málstofur saman.

Grænni byggð las yfirlýsingu frá Norrænu Green Building Councils á Nordic Climate forum for Construction. Yfirlýsingin var svohljóðandi: „The Nordic GBCs, as before, are ready to partake in further actions towards Nordic harmonisation efforts, policies, and practices of low carbon construction. Together we provide a shared venue for the industry that can serve as a platform to distribute important information and provide education in the Nordic construction industry. We urge stakeholders to utilize our access to skilled resources and

inside knowledge of the industry to develop and implement strategies for renovation, low embodied emissions, circularity, and zero energy, so that all buildings, both new and existing, are close to reaching net zero carbon within the next decade.“

Framkvæmdastjóri kom inn á fund framkvæmdastjórnar Skóla- og frístundasviðs til að kynna niðurstöður skýrslunnar *Ferðavenjur foreldra og barna til leikskóla*.

Útgefið efni

- Grænni byggð gaf út tvö Fréttabréf á árinu, í september og í desember.
- Upptökur frá viðburðum voru settar inn á heimasíðu Grænni byggðar.
- Skýrslan *Ferðavenjur Foreldra og Barna til Leikskóla* var gefin út á árinu. Verkefnið var styrkt af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Græn stefnumótun

Grænni byggð tók þátt í grænni stefnumótun í gegnum samstarfsverkefnið Byggjum Grænni Framtíð, sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins um vistvænni mannvirkjagerð. Verkefnið á meðal annars rætur sínar að rekja til aðgerðar C.3 í [aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum](#).

Vinna í verkefninu Byggjum grænni framtíð hófst haustið 2020 og var fyrstu fundur hópstjóra haldinn 4. september 2020. Verkefnisstjóri verkefnisins er Þóra Margrét Þorgeirsdóttir hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Framkvæmdarstjóri og stjórnarformaður Grænni byggðar eru í verkefnistjórn og ritstjórn verkefnisins, en einnig tók stjórnarmeðlimur þátt í starfshóp sem mat losun byggingariðnaðarins á Íslandi. Grænni byggð hefur því tekið virkan þátt í verkefninu frá upphafi þess.

Heimasíða verkefnisins er:
www.byggjumgraenniframtid.is



**Byggjum
grænni framtíð**